

**Nd.**

**1005. Breytingartillögur**

**[243. mál]**

við frv. til l. um Veðurstofu Íslands.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „greina“ í 2. mgr. komi: fræðigreina.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, hefur á hendi stjórn stofnunarinnar.
3. Við 3. gr.
  - a. Í stað orðsins „takmörkun“ í 7. tl. komi: tilhögun.
  - b. Í stað orðanna „jafnframt að huga að veðurfarslegum og jarðfræðilegum þáttum er valda skriðuföllum og rannsaka þá“ í 7. tl. komi: jafnframt að rannsaka veðurfarsþætti og jarðfræðiþætti er valda skriðuföllum.
  - c. 8. tl. orðist svo: að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum fræðigreinum á starfssviði sínu og vinna að rannsóknum á þeim er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna.